

## GJALDSKRÁ

### vegna skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa í Ísafjarðarbæ.

#### 1. gr.

##### *Meginreglur.*

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, auglýsingu og kynninga vegna málsins. Umhverfisnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyptrar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 11.500 kr. eða gjald skv. reikningi.

#### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Afgreiðslugjald: gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi og vegna skipulagsbreytinga. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu og yfirferð erindisins.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingu auglýsinga og aðra umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdráttum.

#### 3. gr.

##### *Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.*

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, viðmiðunargjald	303.292 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga	75.823 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga	64.991 kr.

#### 4. gr.

##### *Kostnaður vegna deiliskipulags.*

<i>Nýtt deiliskipulag.</i>	
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga	303.292 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga	75.823 kr.
<i>Verulegar breytingar á deiliskipulagi.</i>	
Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	194.973 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	75.823 kr.
<i>Óverulegar breytingar á deiliskipulagi.</i>	
Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga	129.982 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga	75.823 kr.

#### 5. gr.

##### *Kostnaður vegna grenndarkynningar.*

Grenndarkynning	75.823 kr.
-----------------	------------

## 6. gr.

*Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.*

Afgreiðslugjald	75.823 kr.
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald	140.815 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	75.823 kr.
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	27.079 kr.

## 7. gr.

*Gjalddagi.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari falla í gjalddaga við afgreiðslu erindis nema um annað sé samið.

## 8. gr.

*Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð.*

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Leyfisgjöld eru ekki endurkræf þó leyfi falli úr gildi.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi þann 1. janúar 2018.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá vegna skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa í Ísafjarðarbæ nr. 1116/2016.

*Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 14. desember 2017.*

**Gísli Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.